

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

23. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 13. mars kl. 9:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir, Ásgeir Hólm Agnarsson og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson setti fundinn.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. XXXV. landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 26. mars 2020.
3. Ofanflóðasjóður – erindi vegna Aðalgötu o.fl. – mæting inn á fund.
4. Kjarasamningar – samningsumboð sveitarstjóra.
5. Sala íbúða á Hlíf II.
6. Íslenskur kalkþörungur – staða mála.
7. Sérreglur um byggðakvóta Súðavíkurhepps.
8. Sorpsvæði og sorpmál.
9. Skýrslur – fundargerðir – umsagnarmál.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. XXXV. landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 26. mars 2020.
Sveitarstjóra falið að koma fram með afstöðu Súðavíkurhrepps gagnvart stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka þau skref sem hann telur réttmæt vegna umfjöllunar aukalandsþings sambandsins um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið að standa að samvinnu við önnur sveitarfélög í sömu stöðu og standa að öllum þeim gerningum sem þau ákveða í sameiningu.
3. Ofanflóðasjóður – erindi vegna Aðalgötu o.fl.
Jón Þór Eiríksson kemur inn á fund f.h. eigenda Mama Loca. Árétta erindi lögmans dags. 12. mars 2020 – Lögvernd / Andri Björgvin Arnþórsson lögfr. Ósk um erindi frá Súðavíkurhreppi til Ofanflóðasjóðs vegna Aðalgötu 1. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Ofanflóðasjóð vegna erindisins.
4. Kjarasamningar – samningsumboð sveitarstjóra.
Sveitarstjóra falið að klára gerð kjarasamninga við þau aðildarfélög sem hafa lausa samninga við Súðavíkurhrepps.

5. Sala íbúða á Hlíf II.

Sveitarstjóra falið að klára sölu á eignunum eins og ákveðið hefur verið.

6. Íslenskur kalkþörungur – staða mála.

Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir og reyna að fá afstöðu stjórnvalda með gang mála.

7. Sérreglur um byggðakvóta Súðavíkurhepps. – Karl Guðmundur Kjartansson vísar af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn leggur til að sérreglur sem hafa verið sendar Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti gildi um fyrirkomulag veiða og úthlutun fyrir byggðakvóta Súðavíkurhepps 2020 ef þær verða samþykktar af ráðuneytinu.

8. Sorpsvæði og sorpmál.

Karl Guðmundur Kjartansson kemur inn á fund aftur undir þessum lið. Samningi hefur verið sagt upp við Terra (Gámaþjónustu Vestfjarða) og er miðað við að samningur sé í gildi með 3 mánaða uppsagnarfresti. Sorpmál verði boðin út og sorpsvæði við Njarðarbraut endurhannað með tilliti til aðkomu og möguleika á að aka þar í gegn með myndarvélarvöktun.

9. Skýrslur – fundargerðir – umsagnarmál.

Lagt fram til kynningar og samþykktar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.

Elsa G. Borgarsdóttir

Elín Gylfadóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Ásgeir Hólm Agnarsson

Samúel Kristjánsson oddviti